

1857. sínnum tíma annaðhvort skýri almenníngi eða dómsmálastjórninni  
3. júní. frá árángri þeim sem þetta hefir haft.

Þetta læt eg ekki hjá líða að skýra herra stiptamtman-  
inum frá til þóknarlegrar vitundar og auglýsingar fyrir hlutað-  
eigendum, og verð eg þarhjá biðja yður að sjá um, að fé þetta  
sè goldið úr jarðabókarsjóðnum.

16. júní. **17. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt-  
mannsins og biskupsins á Íslandi um vitnisburði  
um kunnáttu í íslenzku.**

Dómsmálastjórnin hefir í dag ritað kirkju- og kennslustjórn-  
inni á þessa leið:

„Eptir að hafa fengið bréf kirkju- og kennslustjórnar-  
innar 26. marz þ. á. hefir dómsmálastjórnin ritað konúngi,  
og hefir Hans Hátígn 27. f. m. þóknast allramildilegast að  
fallast á, að vitnisburðir þeir um kunnáttu í íslenzku, sem  
úrskurður konúngs 8. apríl 1844 skipar fyrir að fylgja skuli  
bónarbréfum þeirra, sem sækja um embætti á Íslandi en ekki  
eru fæddir þar, skuli fyrst um sinn, til þess þeir verði álitnir  
fullgildir, gefnir annaðhvort af kennaranum í Norðurlandamálum  
við Kaupmannahafnar háskóla, eða af kennara þeim við Reykja-  
víkur skóla, sem skipað er að kenna íslenzku. Konúngi hefir  
þarhjá mildilega þóknast að heimila dómsmálastjórninni vald  
til nákvæmar að ákveða, bæði hvernig haga skuli prófi því í  
íslenzku, sem hlutaðeigendur eiga að standa áður þeir geti  
fengið vitnisburð um kunnáttu í málinu, og svo líka hve mikla  
borgun ber að greiða.

Samkvæmt þessu skal það vera almenn regla, að þeir  
sem ganga undir þetta próf skuli bæði vera svo leiknir og  
líðugir í íslenzku, að þeir geti talað og skilið það sem vana-  
legast kemur fyrir í daglegu lífi, og einnig vera kunnugir  
íslenzkri málfræði, einkum hljóðfræði og hneigíngafræði hennar,  
og hinum helztu einkunnum í orðaskipuninni. Auk þessa  
skulu þeir, þegar þeir vilja öðlast lagaembætti, hafa lesið lög-

bók Íslendinga, Jónsbókina, á íslenzkri tungu, en vili þeir verða læknar þar í landi, þá skulu þeir hafa lesið læknunga-  
bók Jóns Péturssonar og hina íslenzku útleggung af bók þeirri, sem heitir: „útdráttur af yfirsetukvennafræðinni, kennslubók handa yfirsetukonum“ eptir Dr. Levy, og láta reyna sig í þessum ritum.

1857.  
16. júní.

Um leið og eg skýri kirkju- og kennslustjórninni frá þessu til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar fyrir háskólakennara Konráði Gíslasyni og stiptsyfirvöldunum á Íslandi, bæti eg því við, að stjórnarráðið mun sjá um, að saungjörn þóknun verði veitt þeim sem prófið heldur, hvort sem það verður háskólakennari Konráð Gíslason eða kennarinn í íslenzku við Reykjavíkur skóla.”

Þetta læt eg ekki hjá líða að skýra herra stiptamtmaninum frá, og yður, háæruverðugi herra, til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar.

### 18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um kosningu bæjarfulltrúa í Reykjavíkur kaupstað. 30. júní.

Með þóknanlegu bréfi 26. febrúar þ. á. hefir herra stiptamtmaðurinn sent hingað beiðni frá bæjarfulltrúunum í Reykjavíkur kaupstað um, að yrði lagt til úrslita fyrir dómsmálastjórnina úrskurður yðar af 2. s. m., og hefir bæjarfógetinn sagt álit sitt um þessa beiðni; en í þessum úrskurði yðar var ákveðið, að bæjarfulltrúi D. Thomsen, sem að álitu bæjarstjórnarinnar átti að fara frá í byrjun þessa árs, sökum þess að hann hafði lengst haft það starf á hendi, skuli vera við til næsta nýjárs, samt að ruglning þann, sem áður er á kominn við kosningar bæjarfulltrúanna, bæri að laga á þann hátt, að á ári því, sem þeir tveir fulltrúarnir fara frá, er kosnir voru 1855, verði í stað annars þeirra kosinn einn fulltrúi af bæjarmönnum aðeins til 2 ára.

Bæjarfulltrúar og bæjarfógeti hafa látið þá meiningu í ljósi,